

Reykjavík, 18. 10. 2018

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð, menningar-, íþróttá- og tómstundaráð, skipulags og samgönguráð, umhverfis og heilbrigðisráð og velferðarráð.

**Sendandi:** Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs

---

***Efni: Kynning á Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025***

Þann 3. október 2017 var ný Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 samþykkt í borgarstjórn. Stefnan hefur nú verið gefin út og nokkur eintök fylgja þessu minnisblaði sem óskað er eftir að verði dreift til fulltrúa í ykkar ráðum.

Í kjölfar stefnunnar var unnin innleiðingaráætlun þar sem aðgerðir í stefnunni eru nánar útfærðar, ábyrgðaraðilar tilgreindir og kostnaður áætlaður. Þeir ábyrgðaraðilar sem þar eru tilgreindir koma frá SFS, VEL, MOF, ÍTR og USK. Fulltrúar frá þessum sviðum komu að gerð stefnunnar og á vinnslustigi var stefnan kynnt í ráðum þessara sviða og þeim gefinn kostur á að senda inn umsagnir um hana.

Þau verkefni sem samþykkt hefur verið að fara í skv. innleiðingaráætlun til að byrja með eru eftirfarandi, skv. samþykkt í borgarráði 17. maí 2018:

Innleiðingaráætlun frístundastefnu	2018
1. Aukið 10-12 ára starf	30,0 m.kr.
2. Aukinn stuðningur í félagsmiðstöðvastarf	31,0 m.kr.
3. Listamenn í frístundaheimili (Breiðholt eingöngu)	3,5 m.kr.
4. Ferðakostnaður í menningarstofnanir	2,0 m.kr.
5. Hópastarf í tónlist	2,0 m.kr.
6. Stórfundir ungmenna 16 +	1,2 m.kr.
7. Markaðsátak f. frístund eldri borgara	0,5 m.kr.
8. Endurvekja 5% sjóð frístundakortsins	
9. Einfalda innritun á frístundaheimilin	1,0 m.kr.
10. Stórfundir Reykjavíkurráðs ungmenna verði 2 á ári	
11. Auka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku	

**Aðgerð úr frístundastefnu og starfshópi um vinnuumhverfi**

1. Fjölgun fagmenntaðra starfsmanna í 100% heilsárstarf

Að auki eru í stefnunni margar aðgerðir sem þurfa ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér.

Ég vil með þessu minnisblaði hvetja til þess að stefnunni verði haldið á lofti og að áfram verði unnið að innleiðingu hennar hjá ráðum og sviðum borgarinnar.